

Samráðsnefnd sorpsamlaganna

á suðvesturlandi

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í húsnæði SORPU í Gufunesi, miðvikudaginn 10. janúar 2018. kl. 11. Mætt voru: Björn H. Halldórsson og Guðmundur Geirdal frá SORPU bs., Jón G. Valgeirsson og Anna Björg Nielsdóttir frá Sorpstöð Suðurlands, Kristinn Jónasson og Hrefna B. Jónsdóttir frá Sorpurðun Vesturlands, og Jón Norðfjörð og Birgir Már Bragason frá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (Kölku). Einnig sat fundinn Teitur Gunnarsson frá verkfræðistofunni Mannvit.

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður samráðsvettvangs boðaði forföll en varaformaður, Kristinn Jónasson stjórnði fundi í hennar stað.

1. Kynning Mannvits á skoðanakönnun og undirbúningi svæðisáætlunar.

Teitur fór yfir svörun og niðurstöður á skoðanakönnun sem var framkvæmd á seinni hluta árs 2017. Alls fengu 264 könnunina senda og 145 svöruðu. Konur 44% og Karlar 56%.

Teitur fór yfir spurningar og svör og inn í það spunnust umræður.

Næstu skref.

Lesi má það út úr könnunni að þekking hins almenna sveitarstjórnarmanns er almennt slök. Fáir hafa áhuga á málaflokknum og setja sig trúlega ekki inn í málin.

Framtíðin gerir kröfur um sífellt krefjandi lausnir og því fylgir kostnaðaraukning sem er óhjákvæmileg. Samþykkt að senda niðurstöður spurningakönnunarinnar á alla þá er fengu hana senda.

Rætt um framhalds- spurningakönnun. Rætt um regluverk og þekkingu hins almenna sveitarstjórnarmanns og hvernig megi taka saman upplýsingar sem eru skýrar og auðskiljanlegar til aflestrar.

Rætt um tímaáætlun fyrir frekari vinnu að svæðisáætluninni og sveitarstjórnarkosningar að vori sem geta truflað átælnina eitthvað.

Markmiðasetning er að einhverju leyti pólitísk en stóra myndin kemur frá Evrópusambandinu, eða vinnuramminn. Rætt um urðun og bann við urðun á lífrænum úrgangi árið 2021. Mikilvægi brennslu, með nýrri gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi og mögulega urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

2. Samvinnu sorpsamlaganna

Jón Norðfjörð sagði frá samræðum innan Suðurnesja sem hafa átt sér stað í tengslum við sameiningarviðræður Sorpu bs og Kölku bs. Hann

lagði áherslu á að um væri að ræða samvinnu, en ekki valdahlutföll. Hann velti því upp hvort ekki væri komið að frekari sameiningu og samvinnu landshlutanna. Jón G. Valgeirsson taldi Sunnlendinga vilja sjá fyrir sér hvort núverandi „model” gengur upp og taldi ekki vilja fyrir sameiningu á þessu stigi málsins. Hann taldi samvinnu skila okkur hagkvæmari og betri lausnum.

Kristinn lokaði þessari umræðu með því að almennt væri ekki annað séð en þetta væri samvinnuverkefni og hann trúði því að svo gæti verið til framtíðar. Samþykkt að setja upp viljayfirlýsingu varðandi umrædda samvinnu. Birni falið að setja upp fyrstu drög og senda á hópinn. Í framhaldinu verður viljayfirlýsingin send á stjórnir sorpsamlaganna til samþykktar.

3. Magntölur

Rætt um að safna saman magntölum fyrir árið 2017. Framkvæmdastjórar sorpsamlaganna sjá um það fyrir sín svæði. Rætt um hugsanlega tímalengd.

Að lokum sýndi Björn fundarmönnum magntölur Sorpu bs. frá árinu 2017 og mjög fullkomið eftirlitskerfi sem hefur verið komið upp á öllum starfsstöðum Sorpu bs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45.

Fundarritari: HBJ